

— Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Grundar prestakalls í Eyjafirði. 124.
 — Út af brjefi yðar, herra biskup, frá 24. f. m. viðvíkjandi auglýsingu til veitingar á 8. júní, Grundarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, vil jeg þjónustusamlega skýra yður frá, að jeg álit það rjettast, að Grundar og Möðruvallakirkjusóknnum í Eyjafirði verði til bráðabirgða þjónað af nábuaprestum, þangað til fullnaðarákvörðun verði gjörð um breytingu þá, á lögum 27. febr. 1880, er getur um í brjefi mínu frá 18. janúar þ. á.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um reglugjörð hins lærða 125.
 skóla í Reykjavík. — 7. dag nóvembermánaðar 1879 skoraði ráðgjafinn á yður, herra 14. júní.
 landshöfðingi, að leggja svo fyrir rector lærða skólans í Reykjavík, að hann skyldi fyrst ráðgast við meðkennara sína og segja því næst álit sitt um þau einstöku atriði í skólareglugjörðinni, sem nefnd sú, er neðri deild alþingis hafði sett, hafði skýrlega óskað breytingar á. Nú hafið þjer með þóknanlegu brjefi 25. apr. f. á. sent hingað frumvarp frá kennurum skólans til breytinga á tjedri reglugjörð, og hafið þjer jafnframt látið í ljósi, að þjer væruð samdóma álitu stiptsyfirvaldanna um þetta mál, að rjettast myndi að bíða, þar til er farið væri að beita allri skólareglugjörðinni, eður reyna hana, áður en fastráðnar yrðu breytingar á kennsluskipun þeirri, er hún kveður á um.

Á þessu máli varð nú ráðgjafinn og að vera, og eptir því, sem fram kom á alþingi 1879, mátti þar að auki vænta þess, að þingið kæmi fram með sína skoðun um málið, þá er það kom næst saman, og þótti óskilegt þess að bíða; var því úrslitum málsins á frest skotið um sinn. En með því nú að hin nýja skólareglugjörð mun vera reynd orðin í heild sinni, þá er þetta skóla-ár er úti, álitur ráðgjafinn tímunn kominn til að ráða af um það, hvað gjöra skuli í máli þessu, enda hefir ráðgjafinn orðið þess var, að fyrirspurn hefir gjör verið um það á síðasta alþingi, hvað málinu liði.

Með því nú að engar ástæður fylgdu breytingartillögum kennaranna, og með því að skólastjórinn, þótt hann hafi mælt með tillögnum, hefir getið þess í brjefi því, er hann reit með þeim, að hann væri ekki í öllum atriðum sömu skoðunar sem hinir kennararnir, og þar að auki látið það álit í ljósi, að rjettast myndi að fresta endurbót þeirri er hjer ræðir um, *enn þá um nokkur ár*, — þá hefir nauðsyn þótt, áður en frekara yrði af ráðið, að fá nánari skýrslur í þessu efni, og skal því þjónustusamlega á yður skorað, herra landshöfðingi, að yður mætti þóknast að hlutast til um, að lagt verði fyrir skólastjóra, að gefa skýrt álitsskjal með ástæðum, bæði um tillögur kennaranna í heild sinni og um einstök atriði þeirra, og væntir ráðgjafinn, að það álitsskjal verði sjer sent, ásamt þóknanlegum ummælum stiptsyfirvaldanna og yðar sjálfs.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um merkiskildina á alþingishúsinu. — Með þóknanlegu brjefi 29. apr. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent mjer 126.
 þýðingu af brjefi frá forseta hins sameinaða alþingis, og er frá því skýrt í því, að á 15. júní.
 sameiginlegum fundi alþingismanna 6. júlí f. á. hafi meðal annars verið ályktað, að

— Nokkur hept exemplör af Stjórnartíðindunum 1881 (A og B saman) fást keypt á ritstofu landshöfðingja. Þar að auki eru þar til sölu nokkur exemplör af B-deild stjórnartíðinda 1874—1880 og af báðum deildum 1878, 1879 (vantar bls. 13—20) og 1880.

25. dag júlím. 1882.